

## Stefán Halldórsson (1927-2009), bóndi Hlöðum

Afhending 2013/26

Stefán Halldórsson fæddist á Hlöðum í Hörgárdal 20. maí 1927. Hann lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 4. apríl 2009. Eiginkona Stefáns var Anna Jónsdóttir fædd 10. ágúst 1927, lést þann 17. maí 2019.

Stefán var bóndi á Hlöðum í Hörgárdal. Hann gegndi margskonar trúnaðarstörfum og má þar nefna hreppstjóri Glæsibæjarhrepps 1967-1997; búnaðarþingsfulltrúi 1971-1994; formaður skólanefndar Þelamerkurskóla; formaður jarðanefndar Eyjafjarðarsýslu; fulltrúi í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu; sat í stjórn Mjólkursamlags KEA; formaður Ræktunarsambands GSÖ; sat í hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps; sat í fjölmörgum ráðum og nefndum á vegum KEA; stjórnarmaður í Sparisjóði Glæsibæjarhrepps og um tíma formaður stjórnar.

Guðrún Stefánsdóttir dóttir Stefáns afhenti skjölin þann 20.4.2012. Aðrar afhendingar úr fórum Stefáns eru nr. 2012/35 og 2013/27.

En auk þess afhenti Stefán oft skjöl sem tengjast trúnaðarstörfum hans.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
12. febrúar 2025

Þuríður Jóna Steinsdóttir  
skjalavörður

## Geymsluskrá

2013 / 26

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

## A-Stefán Halldórsson

## A-Stefán Halldórsson

1985 - 1998

A	1	1	-	Handskrifaðir minnispunktar, nöfn á bæjum og ábúendum, eða ættartölur.
A	1	2	1985 - 1985	Ljósrit af bréfi til Benedikts Blöndal, Gauks Jörundarsonar og Jóns Þorsteinssonar frá Stefáni Valgerssyni og Halldóri Blöndal, dagsett 31. maí 1985. Svarbréf til Stefáns og Halldórs frá Benedikt, Gauk og Jóni, dagsett 6. júní 1985.
A	1	3	1985 - 1985	Gögn tengd Osta og smörsölunni, fundargerð aðalfundar 1985, greinargerð, tillögur til breytinga á Samþykktum.
A	1	4	1994 - 1998	Ræða Halldórs Blöndal landbúnaðarráðherra við setningu Búnaðarþings, 13. mars 1995, send til bænda 20. mars 1995. Tillögur um breytingar á opinberum stuðningi (til bænda), nefnd um lífskjör bænda 1998, með yfirstrikuðum áherslum frá Stefáni. Fylgiskjöl frá Auka-Búnaðarþingi 1994.
A	1	5	1994 - 1994	Tillögur sameiningarnefndar G.S.Ö, með athugasemdum frá Stefáni.